

# Reglur um BS-nám í lyfjafræði við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands

Reglur samþykktar á deildarfundum lyfjafræðideildar 18.12. 2006

Vægi eininga uppfært 1. júlí 2008

Breyting á 4. gr. samþykkt á deildarfundum 16. okt. 2014

Breyting á 4. gr. samþykkt á deildarráðsfundi 16. júní 2016

Tilvísanir til reglna fyrir Háskóla Íslands uppfærðar 10.05.2021

Breytingar á 2., 3., 4., 6. og 7. gr. samþykkt á deildarráðsfundi 27. maí 2024

## 1. gr. Um námið

Lyfjafræðideild veitir kennslu til BS-prófs í lyfjafræði. Kennsla fer fram í námskeiðum sem metnar eru til námseininga (e). Nám í lyfjafræði til BS-prófs jafngildir 180e.

## 2. gr. Inntökuskilyrði og æskilegur undirbúningur

Til að hefja nám við Lyfjafræðideild skal nemandi hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi. Lokapróf frá háskólabrú Keilis eða háskólagrunni Háskólans í Reykjavík nægir til inngöngu í Lyfjafræðideild, enda hafi viðkomandi stundað nám við verk- og raunvísindadeild eða tækni- og verkfræðigrunn.

Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af náttúrufræðibraut með efnafræði sem kjörsvið, með áherslu á efnafræði og stærðfræði. Auk þess er mælt með því að nemandi taki áfanga af kjörsviðum líffræði og eðlisfræði. Ef nám er stundað á öðrum námsbrautum er æskilegt að nemandi bæti við sig áföngum sem veita sambærilegan undirbúning í efnafræði og stærðfræði, auk eðlisfræði og líffræði.

## 3. gr. Mat á fyrri háskólanámi

Nemendur sem stundað hafa annað háskólanám geta fengið allt að 120e metnar inn í BS-nám í lyfjafræði. Lyfjafræðideild setur sérreglur um mat á fyrri háskólanámi, reglurnar má nálgast [hér](#).

## 4. gr. Námsframvinda

Til þess að hefja nám á þriðja námsári BS í lyfjafræði skal nemandi hafa lokið öllum námskeiðum sem tilheyra 1. námsári og að lágmarki 40e af þeim námskeiðum sem tilheyra 2. námsári (alls 100e).

## 5. gr. Hámarkslengd náms

BS-prófi skal lokið ekki seinna en 5 árum eftir að nemandi innritast í námið.

## 6. gr. Einkunnir

Til að standast próf í BS-námi í lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í öllum námskeiðum hverju um sig auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Sjá nánar í 4. og 5. mgr. 100. greinar í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

## 7. gr. Skiptinám

Hægt er að fá metin námskeið í skiptinámi til jafns við námskeið sem kennd eru við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Kennsluráð Lyfjafræðideildar metur fyrir fram hvort námskeið eru jafngild. Reglur um mat á prófum má finna [hér](#).

## 8. gr. Lærdómstitlar

Að loknu BS-námi í lyfjafræði hlýtur nemandinn lærdómstitilinn Bachelor of Science in Pharmacy (B.S. Pharm.).

## 9. gr. Gildissvið

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 99. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, með síðari breytingum, og öðlast þær gildi þegar í stað.